

Nd.

437. Nefndarálit

[166. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Meginefni þessa frv. er að stofna sérstakan sjóð innan Iðnlánasjóðs, sem hafi það verkefni að verðuppbæta innlenda framleiðslu veiðarfæra eða nánar tiltekið Hampiðjunnar h/f, sem er eina hérlanda iðnfyrirtækið, sem er starfandi í þessari grein. Til að afla þessum sjóði tekna á aðallega að leggja nýjan innflutningstoll á innflutt veiðarfæri.

Við, sem stöndum að þessu nefndarálit, viðurkennum fullkomlega nauðsyn þess, að veiðarfæraiðnaður sé starfræktur í landinu, og ekki síður hitt, að afkomu hans er nú þannig komið, að hann hefur þörf fyrir þær verðuppbætur, sem frv. fjallar um. Við teljum hins vegar, að svipað sé nú ástatt um fleiri iðnfyrirtæki, sem ýmist selja vörur sínar á erlendum markaði eða þurfa að keppa við erlenda framleiðslu á innlendum markaði án verulegrar tollverndar. Má t. d. í því sambandi benda á járníðnaðinn, en mjög hefur dregið úr starfrækslu hans seinustu mánuðina, m. a. vegna þess, að ýmsar vélar, sem hann hefur framleitt, eru nú fluttar inn. Sama gildir um skipasmíðar. Við teljum ekki rétt að skilja eitt af þeim fyrirtækjum, sem þannig er ástatt um, frá hinum og veita því sérréttindi umfram önnur. Við teljum rétt, að allir, sem líkt er ástatt um, sitji hér við sama borð.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að bæði landbúnaður og sjávarútvegur njóta nú verðuppbóta sökum þess efnahagsástands, sem hefur skapast í landinu. Það er bæði eðlilegt og réttlátt, að iðnaður, sem talinn er þjóðhagslega réttmætur, njóti hliðstæðrar fyrirgreiðslu í þessum efnum.

Þá viljum við benda á, að í framtíðinni þarf að stefna að því enn meira en verið hefur, að í landinu risi upp iðnaður, sem selji framleiðslu sína á erlendum markaði. Í slíkum tilfellum þarf oft að reikna með því, að reksturinn beri sig ekki fyrstu árin eða meðan unnið er að því að ryðja framleiðsluvörunum braut á erlendum markaði. Það yrði eitt af hlutverkum verðtryggingarsjóðs iðnaðarins að veita slíkum iðnrekstri aðstoð, meðan hann þyrfti á henni að halda.

Þá teljum við rétt, að nokkrum hluta hins mikla greiðsluafgangs ríkisins á s. l. ári verði varið til að styrkja og efla iðnaðinn. Hitt álitum við rangt, að afla fjár í þessu skyni með því að skattleggja atvinnuveg, sem býr við hallarekstur.

Í samræmi við þetta leggjum við til, að frumvarpið verði afgreitt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, sem verður 7. gr., svo hljóðandi, og greinatala laganna breytist því til samræmis:

Stofna skal í Iðnlánasjóði verðtryggingarsjóð iðnaðarins, er hafi þann tilgang að efla og styrkja iðnað, sem selur framleiðslu sína á erlendum markaði eða keppir án verulegrar tollverndar við erlenda framleiðslu á innlendum markaði.

Ríkissjóður leggur verðtryggingarsjóði iðnaðarins til sem stofnfé 50 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs á árinu 1966.

2. 2. gr. orðist svo:

Á eftir 7. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga þessara, komi ný grein, svo hljóðandi, og greinatala laganna breytist því til samræmis:

Iðnaðarmálaráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum Iðnþróunar ráðs, nánari ákvæði um starfsemi verðtryggingarsjóðs iðnaðarins. Í reglugerðinni skal ákveða, eftir hvaða reglum skuli veita styrki eða vaxtalaus framlög til iðnaðarfyrirtækja, sem getið er í 7. gr. Styrki þessa skal m. a. veita með það fyrir augum að tryggja viðkomandi fyrirtækjum svo sem unnt er á þann hátt það verð fyrir framleiðslu þeirra, að rekstur þeirra geti borið sig.

Alþingi, 10. apríl 1967.

Þórarinn Þórarinsson,
frsm.

Gísli Guðmundsson.

Eðvarð Sigurðsson.